

**3548. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 16. nóvember 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Margrét Sigmundsdóttir varamaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2303014 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023

238. mál til umsagnar - frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólapjónustu.
47. mál til umsagnar - um grunnskóla (kristinfræðikennsla).

Lagt fram.

Bæjarráð vísar málinu til skoðunar hjá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt 3:0

2. 2310251 - Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis - styrkbeiðni

Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, óskar eftir styrk að upphæð kr. 250.000 til að tryggja áframhaldandi þjónustu við þolendur ofbeldis.

Aflið býður upp á einstaklingsviðtöl og hópastarf þolendum að kostnaðarlausu.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

Samþykkt 3:0

3. 2311009 - Þorrablót Skagamanna 2024

Erindi frá Sjötíu og niú menningarfélagi um styrk og aðstoð vegna Þorrablóts Skagamanna.

Bæjarráð samþykkir að styðja hið árlega Þorrablót Skagamanna með sambærilegum hætti og undanfarin ár með endurgjaldlausum afnotum af íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar en viðburðurinn verður þann 20. janúar 2024 í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum.

Bæjarráð telur mikilvægt í ljósi sérstakra aaðstæðna varðandi íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar að röskun á skipulagi íþróttastarfs að Jaðarsbökkum verði sem minnst í aðdraganda viðburðarins og að samstarf verði haft við hlutaðeigandi íþróttafélög, grunnskólana og forstöðumann íþróttamannvirka og íþróttamála um framkvæmdina.

Bæjarráð áréttar að skipuleggjendur gæti sem fyrr að því að fylgja gildandi áfengislöggjöf hvort sem það lítur að þáttöku ungmenna í viðburðinum sjálfum eða við afgreiðslu veitinga til gesta.

UHB

Skipuleggjendur bera allan tilfallandi viðbótarkostnað vegna viðburðarins svo sem vegna leigu á salernisgánum o.b.h.

Samþykkt 3:0

4. 2309168 - Námsmannaíbúðir

Erindi Byggingarfélags námsmanna varðandi stofnframlag til uppbyggingar námsmannaíbúðum á Akranesi.

Bæjarráð telur mikilvægt að möguleiki á uppbyggingu námsmannaíbúða samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir (stofnframlag ríkis og sveitarfélaga) á Akranesi verði skoðaður til hlítar.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulags- og umhverfisráðs m.a. með tilliti til hentugrar lóðar fyrir slíka uppbyggingu og málið komið svo að nýju til bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

5. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027 fór fram í bæjarstjórn Akraness þann 14. nóvember sl.

Nú fer í hönd áframhaldandi rýning á milli umræðna.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrálið.

Bæjarráð óskar eftir frekari greiningu á eftirtöldum þáttum:

- Frekari rýning á launaútgjöldum.
- Frekari rýning á fasteignasköttum.
- Frekari rýning á gjaldskrám.
- Frekari rýning á öðrum rekstrarliðum.
- Frekari rýning á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun.

Einnig er ráðgerð að skipuleggja fund með KPMG vegna frekari verkefnavinnu og til undirbúnings aðgerðaráætlunar.

Vinnugögn verði lögð fyrir á næsta fundi bæjarráðs þann 30. nóvember næstkomandi.

Bæjarstjóra falin úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir víkur af fundi.

U
↓.3

6. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026

Viðauki við þjónustusamning milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir viðauka við þjónustusamning á milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.

7. 2305185 - Tjarnarskógar 1 - Umsókn um byggingarlóð

Skil á lóð við Tjarnarskóga 1.

Bæjarráð samþykkir skil á lóðinni enda lóðin formlega enn á hendi Akraneskaupstaðar.

Lóðin Tjarnarskógar nr. 1 fer því að nýju á lista yfir lausar lóðir Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

8. 2310127 - Kaup á félagslegum íbúðum

Bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 10. ágúst sl. að óska eftir kaupum á eign af tilteknunum gæðum sbr. fyrilliggjandi greiningu félagsþjónustu Akraneskaupstaðar.

Frestur til að skila inn söluyfirlitum vegna hentugra íbúða var veittur til og með 10. nóvember sl. og gert ráð fyrir að málið fari fyrir fund þann 16. nóvember 2023,

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að gera formlegt kauptilboð í Asparskóga 5b sem þykir henta miðað við fyrilliggjandi þarfir Akraneskaupstaðar sbr. auglýsingu á heimasiðu Akraneskaupstaðar frá 25. október síðastliðinn.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð pakkar öllum þeim sem sendu inn söluyfirit eigna en alls bárust Akraneskaupstaðar 10 slík.

9. 2311192 - Tjarnarskógar 4 - umsókn um byggingarlóð

Umsækjandi hafði boðað í umsóknarferli um lóðina að hann hygðist stofna nýjan lögaðila um verkefnið og fjármögnun er tryggð samkvæmt upplýsingum frá viðskiptabanka viðkomandi.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Tjarnarskógar 4 til Akraskjól ehf. en tekur fram að aðilaskiptin breyta engu varðandi fyrilliggjandi skilmála og fresti sem haldast óbreyttir.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Lif Lárusdóttir
Jónína Margrét Þórunn Sigurðardóttir

Hallgrímur Þorvaldsson
Símun Ágústsson
Ragnar Sæmundsson